



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 118. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

mánudaginn 30. júní 2014 kl. 15:00 í Háskóla Íslands – VRÍI.

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Claus Ballzus (CB), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Egill Júlíusson (EJ), Magnús Ólafsson (MÓ) og Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK).

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt var einróma að bæta við í lok liðar 5.b: „Rætt var að taka málið á dagskrá á næsta vofundi“. Fundargerð síðasta fundar með breytingum var svo einróma samþykkt.

2. Auglýsing á styrk JHFÍ

Á síðasta stjórnarfundum var rætt um að auglýsa styrkinn í ár fyrir sumarfrí og var ákveðið að hafa skilafrest á umsóknum til 8. september. Umræða fór fram um auglýsingu á styrknum og komu eftirfarandi drög að auglýsingu fram á fundinum og voru rædd:

Styrkur til að sækja alþjóðlegar jarðhitaráðstefnur umsóknarfrestur til 8. september

Jarðhitafélag Íslands veitir í ár háskólanemum, í fögum tengdum jarðhita, styrk til að sækja alþjóðlegar jarðhitaráðstefnur. Styrknum er ætlað að nýtast til að greiða ferða- og upphaldskostnað og/eða ráðstefnugjöld. Um er að ræða styrk til framhaldsnema í háskólanámi (MS/Ph.D) að upphæð allt að kr. 300.000. Stjórn félagsins mun velja styrkþega úr hópi umsækjenda.

Eftirtalin atriði geta orðið til að styrkja einstakar umsóknir:

- Umsækjandi verði með erindi eða annað slíkt hlutverk á viðkomandi ráðstefnu.
- Nám umsækjanda sé komið vel á veg.
- Umsækjandi sé í fullu námi.
- Lokaverkefni umsækjanda eða efni erindis geti haft hagnýtt gildi hérlendis.
- Umsækjandi búi að starfsreynslu tengdri jarðhitanýtingu.
- Umsækjandi sé félagsmaður í Jarðhitafélagi Íslands.

Umsóknum um styrki fyrir árið 2014 ber að skila til Sigurjóns Norberg Kjærnested, ritara stjórnar Jarðhitafélagsins, í netfangið sigurjon@samorka.is (eða með pósti til Sigurjóns á skrifstofu Samorku, merkt v. Jarðhitafélags Íslands, Suðurlandsbraut 48, 108 Reykjavík), eigi síðar en mánudaginn 8. september 2014. Umsóknum fylgi upplýsingar um námsferil, efni og stöðu lokaverkefnis eða ráðgerðs erindis á ráðstefnu, hagnýtt gildi verkefnis hérlendis, starfsreynslu tengda jarðhitarannsóknum eða -nýtingu ef við á ásamt upplýsingum um þá ráðstefnu sem viðkomandi hyggst sækja.

Stjórn Jarðhitafélags Íslands.

3. Haustfundur

Á síðasta fundi var ákveðið að halda fundinn hann 23. október næstkomandi í Orkugarði, fram kom frá *MÓ* að búið er að taka frá sal fyrir fundinn. Þegar hefur verið ákveðið að tileinka Sverri Þórhallssyni fundinn. Almenn umræða fór fram um fundinn og fyrirkomulag hans.

Eftirfarandi drög voru lögð fram eftir umræður á fundinum:

14:00-14:10 – Setning fundarins - Kristín Vala Matthíasdóttir, formaður Jarðhitafélags Íslands

14:10-14:20 – Ávarp fundarstjóra - Lúðvík S. Georgsson

14:20-14:40 – Verkfræðingurinn Sverrir - Benedikt Steingrímsson

14:40-14:55 – Boranir-Þróun - Þór Gíslason

14:55-15:10 – Útfellingatilaunir - Vigdís Harðardóttir

15:10-15:25 – Greiningar á borholufóðringum - Gunnar Skúlason Kaldal

15:25-15:40 – Borplön - Kristinn Ingason

15:40-15:55 – Umræður, lokaorð fundarstjóra og fundarslit

15:55-16:00 – Úthlutun á styrk JHFI

4. Nýr félagsmaður í JHFÍ – Ósk um aðild

Finnbogi Óskarsson frá Ísor óskaði eftir aðild að félaginu. Var hann einróma samþykktur.

5. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál.

Næsti fundur ákveðinn 15. september í húsakynnum Samorku

Fundi slitið kl. 16:00.

Sigurjón Norberg Kjærnested, fundarritari
